

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 136/2024

frá 12. júní 2024

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/205 frá 7. nóvember 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1239 að því er varðar stofnun gagnasafns fyrir sameiginlega gátt fyrir siglingar í Evrópu og um breytingu á viðaukanum við hana ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Viðauka XIII. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 56la (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1239):

„, breytt með:

- **32023 R 0205:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/205 frá 7. nóvember 2022 (Stjtið. ESB L 33, 3.2.2023, bls. 24).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 56la (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1239):

„56laa. **32023 R 0205:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/205 frá 7. nóvember 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1239 að því er varðar stofnun gagnasafns fyrir sameiginlega gátt fyrir siglingar í Evrópu og um breytingu á viðaukanum við hana (Stjtið. ESB L 33, 3.2.2023, bls. 24).

Texti reglugerðarinnar skal, að því er samning þennan varðar, aðlagður sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 33, 3.2.2023, bls. 24.

- a) Að því er varðar EFTA-ríkin, skal dálkurinn undir fyrirsögninni „Viðauki B við tollalög Sambandsins“ í 2. hluta II. viðauka vera valkvæður.
- b) Í 2. hluta II. viðauka, gilda upplýsingar í gagnastaki að því er varðar kóðaskrá tollalaga Sambandsins og GEONOM-kóðaskrá ekki um EFTA-ríkin.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/205, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. júní 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2022 frá 29. apríl 2022 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. júní 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(2) Stjtíð. ESB L 246, 22.9.2022, bls. 123 og EES-viðbætur nr. 61, 22.9.2022, bls. 19.